

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/7/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 166/08/COL frá 12. mars 2008 um meinta ríkisaðstoð við fyrirtæki sem annast hreindýraslátrun í Noregi	1
2009/EES/7/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 167/08/COL frá 12. mars 2008 um meinta ólöglega ríkisaðstoð við fyrirtækið Troms Tre AS (Noregur)	3
2009/EES/7/03		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 301/08/COL frá 21. maí 2008 um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 378/07/COL frá 12. september 2007	6
2009/EES/7/04		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 302/08/COL frá 21. maí 2008 um stöðu Noregs með tilliti til veirublæðis og iðradreps og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 71/94/COL frá 27. júní 1994 með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 244/02/COL frá 11. desember 2002	10
2009/EES/7/05		Auglýst eftir athugasemdum, í samræmi við 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem varðar ríkisaðstoð, um byggðastyrkjakerfi vegna bolviðarflutninga í Noregi	12
	3.	EFTA-dómstóllinn	

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

2009/EES/7/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5409 – Strabag/Kemna/Wellmann) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	24
2009/EES/7/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5426 – Dassault Aviation/TSA/Thalès)	25
2009/EES/7/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5454 – DSV/Vesterhavet/DFDS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	26
2009/EES/7/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5475 – Atlantia/ Acciona/Itinere Chilean assets) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27
2009/EES/7/10	Upphaf málsmeðferðar (mál COMP/M.5262 – Bonnier/Schibsted/Retriever Sverige) . . .	28
2009/EES/7/11	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur	29

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
166/08/COL

2009/EES/7/01

frá 12. mars 2008

um meinta ríkisaðstoð við fyrirtæki sem annast hreindýraslátrun í Noregi

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN (¹)

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (²), einkum ákvæða 8. gr., 61., 62. og 63. gr. og bókana 3 og 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (³), einkum ákvæða 5. og 24. gr.,

með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 2. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Málsvik

Eftirlitsstofnun EFTA barst 11. október 2007 kvörtun (skjalnr. 446496) sem sneri að hugsanlegri ríkisaðstoð sem runnið hefði til fyrirtækja sem annast hreindýraslátrun í Noregi. Í kvörtuninni var því haldið fram að hreindýraslátrunarfyrirtækið Boalvvir BA hefði notið ríkisaðstoðar að fjárhæð um 7,2 milljóna norskra króna (um 910 000 evra) frá „Reindriftens Utviklingsfond“ (⁴) frá júlí 2004 til nóvember 2006. Styrkirnir hefðu verið veittir með samþykki landbúnaðar- og matvælaráðuneytisins. Kvartandi hefur ekki lagt fram upplýsingar sem sýni að Boalvvir BA hafi með höndum aðra starfsemi en hreindýraslátrun.

Eftirlitsstofnun EFTA staðfesti með bréfi dagsettu 16. október 2007 (skjalnr. 447285) að henni hefði borist kvörtunin.

Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnti kvartanda með bréfi dagsettu 6. desember 2007 (skjalnr. 456147) að samkeppnis- og ríkisaðstoðarskrifstofa stofnunarinnar (⁵) hefði komist að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að kvörtunin varðaði afurðir sem féllu ekki undir ákvæði EES-samningsins, og að valdheimildir stofnunarinnar gerðu henni því ekki kleift að beita sér í málinu. Kvartanda var bent á að legði hann ekki fram, innan tveggja mánaða frá móttöku bréfsins, viðbótarupplýsingar sem nægðu til að sannfæra samkeppnis- og ríkisaðstoðarskrifstofuna um að ráðstöfunin, sem kvörtunin tók til, félli undir ákvæði EES-samningsins, myndi skrifstofan leggja til við stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA að málið yrði fellt niður án þess að nokkuð fleira yrði aðhafst.

Kvartandi svaraði ekki bréfi stofnunarinnar frá 6. desember 2007.

2. Mat

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að til þess að ákvæði 61.–63. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð geti átt við verður aðstoðin að renna til fyrirtækja sem starfa að framleiðslu á vörum af því tagi sem ákvæði samningsins taka til.

(¹) [Á ekki við í íslenska textanum.]

(²) Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

(³) Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

(⁴) „Þróunarsjóður hreindýraræktar“.

(⁵) [Á ekki við í íslenska textanum.]

Ákvæði 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins hljóða svo:

„Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:

- a) framleiðsluvara sem falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;
- b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.“

Ákvæði 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins takmarka beitingu EES-samningsins efnislega við ofangreindar vörur, nema að því leyti sem kveðið er á um annað í samningnum. Hreindýr og hreindýrafurðir falla utan almenns gildissviðs EES-samningsins nema að því leyti sem slíkar vörur falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni eða eru tilgreindar í bókun 3 við samninginn.

Meintur þiggjandi aðstoðar í málinu, sem hér liggur fyrir, er fyrirtæki sem annast hreindýraslátrun. Framleiðsluvörur hreindýraslátrunarfyrirtækja falla undir kaflana 02, 05, 15, 16 og 23 í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni og eru því ekki vörur af því tagi sem ákvæði EES-samningsins taka til. Þessar vörur eru ekki heldur nefndar í bókun 3 við EES-samninginn.

Kvörtunin lýtur því að meintri ríkisaðstoð við fyrirtæki sem framleiða vörur sem ákvæði EES-samningsins taka ekki til samkvæmt 3. mgr. 8. gr. samningsins.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að kvörtunarefnið falli ekki undir ákvæði EES-samningsins og valdheimildir stofnunarinnar geri henni því ekki kleift að meta hugsanlega ríkisaðstoð í þessu tilviki ⁽⁶⁾.

3. Niðurstaða

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er af þessum sökum sú að sýnilega séu engin rök fyrir því að halda athugun á málinu áfram.

Með hliðsjón af þessu hefur stofnunin ákveðið að fella málið niður.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að styrkir til fyrirtækja sem annast hreindýraslátrun í Noregi feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 12. mars 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

⁽⁶⁾ Sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 176/05/COL frá 15. júlí 2005 um meinta ríkisaðstoð við fiskvinnslufyrirtæki.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
167/08/COL

2009/EES/7/02

frá 12. mars 2008

um meinta ólöglega ríkisaðstoð við fyrirtækið Troms Tre AS

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókana 3 og 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 5. og 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Málsmeðferð

Eftirlitsstofnun EFTA barst í bréfi dagsettu 20. júní 2005 kvörtun frá norsku lögmannastofnunni Selmer ⁽⁴⁾, fyrir hönd ónafngreinds umbjóðanda, um meinta ólöglega ríkisaðstoð við fyrirtækið Troms Tre AS ⁽⁵⁾, sem framleiðir ýmsar byggingarvörur úr tré. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA hinn 24. júní 2005 og var skráð sama dag (skjalnr. 323812).

Stofnunin framsendi stjórnvöldum í Noregi kvörtunina í bréfi dagsettu 1. júlí 2005 (skjalnr. 324515).

Stjórnvöld í Noregi svöruðu ásökunum í kvörtuninni í bréfi dagsettu 20. september 2005 og héldu því fram að hlutafjárframlögin, sem deilt var um, fælu ekki í sér ríkisaðstoð. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA hinn 21. september 2005 og var skráð sama dag (skjalnr. 334843).

Í bréfi kvartanda til Eftirlitsstofnunar EFTA dagsettu 21. nóvember 2005 kom fram að stjórnendur Troms Tre hefðu lýst félagið gjaldþrota 10. nóvember 2005 og að búinu hefði verið veitt greiðslustöðvun með dómsúrskurði 11. nóvember 2005. Kvartandi hélt því fram að gjaldþrotið breytti engu um mat á kvörtunarefninu og ítrekaði kvörtunina. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA hinn 23. nóvember 2005 og var skráð sama dag (skjalnr. 351088).

Eftirlitsstofnun EFTA sendi stjórnvöldum í Noregi bréf 10. febrúar 2006 (skjalnr. 362331) með beiðni um ítarlegri upplýsingar um þrotabúið og hvenær gjaldþrotaskiptum myndi ljúka.

Stjórnvöld í Noregi svöruðu með bréfi dagsettu 17. mars 2006 og tilkynntu stofnuninni að gjaldþrotaskiptum myndi ekki ljúka á árinu 2006. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA hinn 20. mars 2006 og var skráð sama dag (skjalnr. 367142).

Eftirlitsstofnun EFTA sendi stjórnvöldum í Noregi bréf 18. júlí 2007 (skjalnr. 424054) með nýrri beiðni um upplýsingar um lok gjaldþrotaskipta. Þá fór stofnunin fram á upplýsingar um hver hefði keypt eignir Troms Tre og hvernig endurfjármögnun fyrirtækisins hefði verið háttað, ef um slíkt væri að ræða.

Stjórnvöld í Noregi sendu stofnuninni upplýsingar um niðurstöðu gjaldþrotaskipta í bréfi sem var dagsett 20. ágúst 2007. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA hinn 20. maí 2007 og var skráð sama dag (skjalnr. 434867).

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Nefnist „kvartandi“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Nefnist „Troms Tre“ í því sem hér fer á eftir.

Kvartandi dró kvörtun sína til baka með bréfi dagsettu 4. desember 2007, meðal annars með hliðsjón af gjaldþroti meints viðtakanda aðstoðar. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA hinn 6. desember 2007 og var skráð sama dag (skjalnr. 456318).

2. Viðtakandi meintrar aðstoðar

Troms Tre var stofnað árið 1972 undir nafninu Troms Treforedling. Í kvörtuninni er félaginu lýst sem fyrirtæki með starfsemi á sviði framleiðslu og sölu byggingarefna, einkum spónaplatna til byggingarnota. Ársveltan var 55–65 milljónir norskra króna (um 6,9–8,1 milljón evra).

Meirihlutaeign í félaginu var í höndum stjórnvalda á ýmsum stjórnáráðgjafum. Stærsti hluthafinn var sveitarstjórnin í Troms sem átti um 40 % hlut í félaginu. Meðal annarra hluthafa voru sveitarstjórnin í Sørreisa, ríkisfyrirtækið Statskog SF, Troms Kraft, raforkufyrirtæki í eigu sveitarstjórnarinnar í Troms, og tvönn samtök skógarbænda á svæðinu, Skogeierforeninga Nord BA og Troms skogselskap.

Stjórnendur Troms Tre lýstu félagið gjaldþrota 10. nóvember 2005. Starfsemi félagsins skilaði engum hagnaði og stjórnendur þess lýstu yfir að reksturinn stæði ekki undir skuldum. Búinu var veitt greiðslustöðvun með dómsúrskurði 11. nóvember 2005.

Lok gjaldþrotaskipta og slit félagsins fóru fram 28. mars 2007. Samkvæmt lokaskýrslu um gjaldþrotið voru eignir félagsins, vélar og iðjuver, seldar einum þeirra þriggja, sem lagt höfðu fram tilboð, í desember 2006.

3. Lýsing á hinni meintu ríkisaðstoð

Að sögn kvartanda naut Troms Tre ríkisaðstoðar á þann hátt að félaginu var lagt til aukið hlutfé. Samkvæmt upplýsingum kvartanda námu þessi hlutfjárframlög 10 milljónum norskra króna um það leyti sem kvörtunin var lögð fram. Meirihluti fjárfestingarinnar var á vegum opinberra aðila og fór ekki fram samkvæmt markaðsskilmálum eftir því sem fram kom í kvörtuninni. Kvartandi taldi enn fremur að áform væru um frekari hlutfjáraukningu í félaginu á árunum 2006 til 2009.

4. Mat

Viðtakandi hinnar meintu aðstoðar, Troms Tre, er ekki lengur starfandi og eignir hans hafa verið seldar í tengslum við gjaldþrotaskipti. Gjaldþrotaskiptunum lauk árið 2007. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum, voru eignir félagsins jafnframt seldar eftir opið útboð sem fram fór samkvæmt dómsúrskurði í samræmi við ákvæði norskra gjaldþrotalaga.

Allri atvinnustarfsemi félagsins hefur því verið hætt. Við þessar aðstæður hefði ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um það hvort ráðstafanirnar, sem hér eru til athugunar, teljist aðstoð, og hvort þær samræmist ákvæðum EES-samningsins, engin áhrif í reynd ⁽⁶⁾.

Þá er það niðurstaða stofnunarinnar, með vísan til þess að eignir Troms Tre voru seldar í opnu útboði, að hafi Troms Tre notið ríkisaðstoðar eru röskunaráhrif þeirrar aðstoðar nú úr sögunni og kaupandi eigna félagsins hagnaðist ekki á henni ⁽⁷⁾. Af þeim sökum er ekki um það að ræða að endurheimta neina aðstoð frá Troms Tre ⁽⁸⁾.

Loks visar Eftirlitsstofnun EFTA til þess að kvartandi dró kvörtunina til baka með bréfi dagsettu 4. desember 2007 (skjalnr. 456318).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. september 2007 um aðstoðarráðstafanir stjórnvalda á Spáni í þágu félagsins *IZAR*, mál C-47/2003, biður birtingar, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 2005 um ráðstöfun stjórnvalda í Frakklandi í þágu félagsins *Mines de potasse d'Alsace*, mál C 53/2000, Stjtið. ESB L 86, 24.3.2006, bls. 20.

⁽⁷⁾ Sjá til dæmis mál C-390/98 *H.J. Banks & Co. Ltd v The Coal Authority and Secretary of State for Trade and Industry* [2001] ECR I-6117, 77. mgr., og mál C-277/00 *Þýska ríkið gegn framkvæmdastjórninni* [2004] ECR I-3925, 80. mgr.

⁽⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. september 2007 um aðstoðarráðstafanir stjórnvalda á Spáni í þágu félagsins *IZAR*, mál C 47/2003, biður birtingar í Stjtið. ESB, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 2005 um ráðstöfun stjórnvalda í Frakklandi í þágu félagsins *Mines de potasse d'Alsace*, mál C 53/2000, Stjtið. ESB L 86, 24.3.2006, bls. 20.

Að þessu athuguðu er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ákvörðun um það hvort ráðstafanirnar, sem kvörtunin laut að, teljist ríkisaðstoð, og hvort þær samræmist ákvæðum EES-samningsins, hefði engin áhrif í reynd. Af þeim sökum þjónar það engum tilgangi að halda áfram málsmeðferð samkvæmt ákvæðum II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar þessar ráðstafanir.

5. Niðurstaða

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að málsmeðferð í máli Troms Tre þjóni engum tilgangi.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Málsmeðferð, sem hafin var í samræmi við ákvæði 10. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og laut að meintri ólöglegri ríkisaðstoð sem runnið hefði til fyrirtækisins Troms Tre AS, er hér með felld niður.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 12. mars 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud
Forseti

Kurt Jaeger
Stjórnarmaður

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
301/08/COL****2009/EES/7/03****frá 21. maí 2008**

um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir landamærastöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 378/07/COL frá 12. september 2007

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, einkum ákvæða 109. gr. og bókuar 1,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum ákvæða staflíðar d) í 2. mgr. 5. gr. og bókuar 1,

með vísan til ákvæða 1. og 3. liðar B-liðar 4. mgr. og staflíðar b) í 5. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 1.1.4 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum*), með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 2. mgr. 6. gr.,með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 1.1.5 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE*), með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 4. mgr. 6. gr.,með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 1.2.111 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB frá 21. nóvember 2001 um kröfur um viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í bandalagið frá þriðju löndum*), með áorðnum breytingum, einkum 5. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 378/07/COL frá 12. september 2007 var ákvörðun stofnunarinnar 320/06/COL frá 31. október 2006 felld úr gildi og birt ný skrá um landamærastöðvar á Íslandi og í Noregi sem njóta viðurkenningar til dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum og dýrum frá löndum utan EES.

Stjórnvöld á Íslandi hafa farið fram á að nýrri landamærastöð, *Reykjavík Samskip*, verði bætt við fyrir flokkana frýstar sjávarafurðir (í umbúðum), sjávarafurðir til geymslu við stofuhita (í umbúðum), lýsi sem er ekki ætlað til neyslu (í umbúðum), og fiskmjöl í umbúðum á skrá um landamærastöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES, sjá 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt til að heiti landamærastöðvarinnar *Reykjavík* verði breytt í *Reykjavík Eimskip*.Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt til að við verði bætt afurðaflokkunum lýsi til neyslu (í umbúðum) og lýsi til annarra nota en til neyslu (í umbúðum), og að flokkurinn fiskmjöl takmarkist við fiskmjöl í umbúðum eingöngu á landamærastöðvunum *Akureyri*, *Reykjavík Eimskip* og *Hafnarfjörður*.

Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt til að undir landamærastöðinni *Porlákshöfn* verði bætt við aðeins afurðaflokkunum lýsi til neyslu (í lausu) og lýsi til annarra nota en til neyslu (í lausu).

Í október 2007 fór fram sameiginleg skoðun á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB og var þá skoðuð ein fyrirhuguð landamærastöð, *Reykjavík Samskip*, auk landamærastöðvanna *Akureyri*, *Hafnarfjörður*, *Ísafjörður*, *Keflavík*, *Reykjavík Eimskip* og *Porlákshöfn*.

Á grundvelli athugasemda, sem gerðar voru í sameiginlegu skoðuninni, og að fengnum upplýsingum stjórnvalda á Íslandi um lagfæringar, en þær bárust 18. mars 2008, gáfu skoðunarmenn Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB út sameiginleg tilmæli hinn 6. maí 2008.

Í sameiginlegu tilmælunum er lagt til að í skrá um vörur, sem fara mega um landamærastöðina *Porlákshöfn* verði bætt við aðeins afurðaflokkunum lýsi til neyslu (í lausu) og lýsi til annarra nota en til neyslu (í lausu).

Í sameiginlegu tilmælunum er lagt til að nýju landamærastöðinni *Reykjavík Samskip* verði bætt við skrána sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, með nýjum Animo-kóða fyrir afurðaflokkana frýstar sjávarafurðir (í umbúðum), sjávarafurðir til geymslu við stofuhita (í umbúðum), lýsi til annarra nota en til neyslu (í umbúðum), og fiskmjöl.

Í sameiginlegu tilmælunum er lagt til að í skrá um vörur, sem fara mega um landamærastöðina *Hafnarfjörður* verði bætt við afurðaflokkunum kældar sjávarafurðir (í umbúðum) og sjávarafurðir til geymslu við stofuhita (í umbúðum) og lýsi til annarra nota en til neyslu (í umbúðum), auk þess sem núverandi fiskmjölsflokkur verði takmarkaður við fiskmjöl í umbúðum.

Í sameiginlegu tilmælunum er lagt til að heiti landamærastöðvarinnar *Reykjavík* verði breytt í *Reykjavík Eimskip* og að í skrá um vörur, sem fara mega um stöðina, verði bætt afurðaflokkunum sjávarafurðir til geymslu við stofuhita eða kældar (í umbúðum) og lýsi til annarra nota en til neyslu (í umbúðum), auk þess sem núverandi fiskmjölsflokkur verði takmarkaður við fiskmjöl í umbúðum.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 273/08/COL.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum við innflutning til Íslands og Noregs frá löndum utan EES skal fara fram á vegum lögbærra landsyfirvalda á viðurkenndum landamærastöðvum sem taldar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa.
2. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 378/07/COL frá 12. september 2007 fellur úr gildi.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2008.
4. Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda á Íslandi og í Noregi.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 21. maí 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Skrá um viðurkenndar landamærastöðvar

Land: Ísland

1	2	3	4	5	6
Akureyri	IS00499	P		HC-T(1)(2)(3), NHC(16)	
Hafnarfjörður	IS00299	P		HC(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Húsavík	IS01399	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ísafjörður	IS00399	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Keflavíkurflugvöllur	IS00799	A		HC(1)(2)(3)	O(15)
Reykjavík Eimskip	IS00199	P		HC(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Þorlákshöfn	IS01899	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-NT(6)	
Reykjavík Samskip	IS01799	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	

Land: Noregur

1	2	3	4	5	6
Borg	NO01499	P		HC, NHC	E(7)
Båtsfjord	NO01199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Egersund	NO02299	P		HC-NT(6), NHC-NT(6)(16)	
Hammerfest	NO01099	P	Rypefjord	HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Honningsvåg	NO01799	P	Honningsvåg	HC-T(1)(2)(3)	
			Gjesvær	HC-T(1)(2)(3)	
Kirkenes	NO02199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Kristiansund	NO00299	P	Harøysund	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Kristiansund	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3) HC-NT(6), NHC-NT(6)	
Måløy	NO00599	P	Gotteberg	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Trollebø	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Ósló	NO00199	P		HC, NHC	
Ósló	NO01399	A		HC, NHC	U,E,O
Sortland			Melbu	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Sortland	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Storskog	NO01299	R		HC, NHC	U,E,O
Tromsø	NO00999	P	Bukta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Solstrand	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Vannøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Vadsø	NO01599	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ålesund	NO00699	P	Breivika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Ellingsøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Skutvik	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	

1 = Heiti**2 = Animo-kóði****3 = Gerð**

- A = Flugvöllur
- F = Járnbraut
- P = Höfn
- R = Vegur

4 = Skoðunarmiðstöð**5 = Afurðir**

- HC = Allar afurðir til manneldis
- NHC = Aðrar afurðir
- NT = Engar kröfur um hitastig
- T = Frystar/kældar afurðir
- T(FR) = Frystar afurðir
- T(CH) = Kældar afurðir

6 = Lifandi dýr

- U = Hóf- og klaufdýr: nautgripir, svin, sauðfé, geitur, villt og tamin hófdýr
- E = Skráð dýr af hestaætt samkvæmt skilgreiningunni í tilskipun ráðsins 90/426/EBE
- O = Önnur dýr

5-6 = Sérstakar athugasemdir

- (1) = Eftirlit í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem var tekin á grundvelli ákvæða 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB
- (2) = Eingöngu afurðir í umbúðum
- (3) = Eingöngu sjávarafurðir
- (4) = Eingöngu dýraprótein
- (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
- (6) = Eingöngu fljótandi fita, olía og lýsi
- (7) = Íslenskir hestar (eingöngu frá apríl til október)
- (8) = Eingöngu dýr af hestaætt
- (9) = Eingöngu hitabeltisfiskar
- (10) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskar, skriðdýr og fuglar aðrir en strútfuglar
- (11) = Eingöngu fóður í lausu
- (12) = Að því er varðar (U) aðeins dýr sem send eru í dýragarða, þegar um hófdýr er að ræða; að því er varðar (O) aðeins dagsgamlir kjúklingar, fiskar, hundar, kettir, skordýr og önnur dýr sem send eru í dýragarða
- (13) = Nagylak HU: Hér er um að ræða landamærastöð (fyrir afurðir) og umferðarleið (fyrir lifandi dýr) á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu sem lýtur umsömdum bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í aðildarsáttmálanum, bæði vegna afurða og lifandi dýra; sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB
- (14) = Ætluð til gegnumflutnings tiltekinna dýraafurða um Evrópubandalagið sem eru ætlaðar til manneldis og eru fluttar frá Rússlandi eða til Rússlands í samræmi við sértæka málsmeðferð sem kveðið er á um í viðkomandi bandalagslöggjöf
- (15) = Eingöngu dýr sem eru notuð í fiskeldi
- (16) = Eingöngu fiskimjöl

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
302/08/COL****2009/EES/7/04****frá 21. maí 2008****um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðis og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 71/94/COL frá 27. júní 1994 með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 244/02/COL frá 11. desember 2002**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, einkum ákvæða 109. gr. og bókunar 1,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum ákvæða stafliðar d) í 2. mgr. 5. gr. og bókunar 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 4.1.5 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

tilskipun ráðsins 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða,

með aðlögunarákvæðum samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn, einkum 5. gr. gerðarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Stjórnvöld í Noregi lögðu með bréfi dagsettu 3. maí 1994 fram viðeigandi röksemdir fyrir því að yfirráðasvæði þeirra yrði veitt staða viðurkennds svæðis með tilliti til iðradreps og veirublæðis, ásamt norskum reglum sem eiga að tryggja að skilyrðum til að halda stöðu viðurkennds svæðis sé fullnægt.

Noregur öðlaðist stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 71/94/COL frá 27. júní 1994.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA 220/96/COL frá 4. desember 1996, 159/98/COL frá 25. júní 1998 og 244/02/COL frá 11. desember 2002 hafa að geyma breytingar á ákvörðun 71/94/COL frá 27. júní 1994.

Í ákvörðun 71/94/COL með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt ákvörðun 244/02/COL frá 11. desember 2002, var kveðið á um að þau landsvæði í Noregi, sem talin voru upp í viðauka við ákvörðunina, hefðu stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis.

Hinn 26. nóvember 2007 var staðfest að veirublæði hefði komið upp í Mæra- og Raumsdalssýslu í Noregi.

Lögbær yfirvöld í Noregi hafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að uppræta sjúkdóminn og hindra útbreiðslu hans.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur metið upplýsingarnar sem henni bárust frá lögbærum yfirvöldum í Noregi.

Að svo komnu máli virðist sem ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, séu viðeigandi.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur borið málið undir framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Engar breytingar hafa orðið í Noregi með tilliti til iðradreps.

Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að Noregur skuli halda stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis, að frátöldum svæðunum sem talin eru upp í viðaukanum.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Noregur hefur stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis, að frátöldum svæðunum sem talin eru upp í viðaukanum.
2. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 71/94/COL frá 27. júní 1994, sem varðar stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðis, með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt ákvörðun 244/02/COL frá 11. desember 2002, er felld úr gildi.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2008.
4. Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda í Noregi.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 21. maí 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud
Forseti

Kristján Andri Stefánsson
Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Iðradrep

Noregur, að frátöldum hinum norska hluta vatnasviðs Grense Jacobselv og Pasvik-árinnar, ásamt öllum vatnsföllum þar á milli, og aðliggjandi strandsvæðum.

Veirublæði

Noregur, þó ekki eftirtalin svæði:

- 1) Hinn norski hluti vatnasviðs Grense Jacobselv og Pasvik-árinnar, ásamt öllum vatnsföllum þar á milli, og aðliggjandi strandsvæði.
- 2) Strandsvæði sveitarfélaganna Stranda og Norddal samkvæmt eftirfarandi afmörkun:
 - Austurmörkin eru lína sem dregin er milli ferjulægisins Linge norðan Norddalsfjorden og Svarthammaren.
 - Norðvesturmörkin eru lína sem dregin er milli Urda austan Storfjorden og Øygardsnakken vestan Storfjorden.
 - Suðurmörkin eru lína sem dregin er milli Dukevika vestan Synnulvsfjorden og punkts sem liggur í firðinum 1 km norðan eyðibýlisins Smoge í austanverðum Synnulvsfjorden.

Auglýst eftir athugasemdum, í samræmi við 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem varðar ríkisaðstoð, um byggðastyrkjakerfi vegna bolviðarflutninga í Noregi **2009/EES/7/05**

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 358/08/COL frá 11. júlí 2008, sem er birt á upprunalegu, fullgiltu tungumáli á eftir þessu ágrípi, markar upphaf málsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Stjórnvöldum í Noregi hefur verið tilkynnt um málsmeðferðina með afriti af ákvörðuninni.

Eftirlitsstofnun EFTA veitir EFTA-ríkjunum, aðildarríkjum Evrópusambandsins og áhugaaðilum eins mánaðar frest frá birtingardegi þessarar auglýsingar til að gera athugasemdir við ráðstöfunina sem um ræðir. Athugasemdirnar skal senda á eftirfarandi pósthöfn:

EFTA Surveillance Authority
Registry
35, Rue Belliard
B-1040 Bruxelles/Brussel

Athugasemdir, sem berast, verður komið á framfæri við stjórnvöld í Noregi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

ÁGRIP

Málsmeðferð

Stjórnvöld í Noregi hafa, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, tilkynnt þá fyrirtælan sína að veita byggðastyrki vegna bolviðarflutninga með bréfi stjórnsýslu- og umbótaráðuneytisins dagsettu 31. október 2007, en það barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni sama dag (skjalnr. 449962).

Eftirlitsstofnun EFTA sendi stjórnvöldum í Noregi beiðni um ítarlegri upplýsingar og töluleg gögn með bréfum dagsettum 11. desember 2007 (skjalnr. 454397) og 14. mars 2008 (skjalnr. 469427). Stjórnvöld í Noregi svöruðu með bréfum dagsettum annars vegar 1. febrúar 2008 (skjalnr. 463112) og hins vegar 15. apríl (skjalnr. 473559).

Mat á ráðstöfuninni

Markmið byggðastyrkjakerfis vegna bolviðarflutninga er samkvæmt tilkynningunni að efla atvinnuþróun í afskekktum byggðum með því að auka skógarhögg. Kerfinu, sem tilkynnt hefur verið, er ætlað að ýta undir sölu á timbri í norðanverðum Noregi og styrkja þannig trjávinnsluna og stuðla að þróun sjálfbærrar atvinnustarfsemi á svæðinu. Kerfið tekur aðeins til trjávinnslu sem stunduð er í þremur strjálbýlum héruðum, Norðlandi, Troms og Finnörku.

Samkvæmt leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um landsbundna byggðaaðstoð, sjá annan undirlið 70. mgr., má ekki veita aðstoð vegna flutninga á vörum fyrirtækja sem gætu ekki starfað annars staðar. Vörur af því tagi verður að framleiða á upprunastað og framleiðslustaður er því óbreytanlegur. Bolviður getur talist vara sem ekki væri unnt að framleiða annars staðar en raunin er. Á Evrópska efnahags-svæðinu er að jafnaði aðeins heimilt að veita aðstoð vegna flutninga á hráefnum og hálfunnum vörum á afskekktustu svæðum Evrópusambandsins. Af þessum sökum telur Eftirlitsstofnun EFTA vafasamt að heimilt sé að veita aðstoð vegna bolviðarflutninga samkvæmt ákvæðum leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð.

Engu að síður kemur til greina að athuga hvort aðstoð vegna flutninga á þessum vörum kemur til greina á grundvelli 69. mgr. leiðbeininga um landsbundna byggðaaðstoð.

Jafnvel þótt einnig væri hugsanlegt að veita slíka aðstoð í fámennustu byggðunum telur Eftirlitsstofnun EFTA óvíst að unnt sé að færa nægjanleg rök fyrir því að kostnaðarauki vegna flutninga stofnist á eigi meiri vegalengdum en 50 km.

Byggðastyrki ber að jafnaði að veita samkvæmt fjölgreinareglum um aðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA telur því einnig vafasamt að styrkveitingar, sem byggjast á starfsgreinabundnu kerfi á borð við það sem hér er til skoðunar, samræmist markmiðinu að baki leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð.

Loks tekur Eftirlitsstofnun EFTA til athugunar hvort réttlætanlegt sé að ákveða styrkfjárhæðina á grundvelli mismunandi greiðslu eftir vegalengd í stað þess að miðað sé við fast hlutfall fyrir hvert tonn/km.

Niðurstaða

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, hefur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að hefja formlega rannsókn í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Áhugaaðilum er gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir og skulu þær berast áður en mánuður er liðinn frá því að ákvörðun þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY DECISION**No. 358/08/COL****of 11 June 2008****on Regional Aid for Transport of Round Wood**

(Norway)

THE EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY,

Having regard to the Agreement on the European Economic Area, in particular to Articles 61 to 63 and Protocol 26 thereof,

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, in particular to Article 24 thereof,

Having regard to Article 1(2) of Part I and Articles 4(4) and 6 of Part II of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement,

Having regard to the Authority's State Aid Guidelines on the application and interpretation of Articles 61 and 62 of the EEA Agreement⁽¹⁾, and in particular the Chapter on National Regional Aid 2007-2013,

Having regard to the Authority's Decision No 226/06/COL of 19 July 2006 on the map of assisted areas and levels of aid (Norway),

Having regard to the Authority's Decision No 195/04/COL of 14 July 2004 on the implementing provisions referred to under Article 27 in Part II of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement⁽²⁾,

Whereas:

I. FACTS**1 Procedure**

Pursuant to Article 1(3) of Part I of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement, the Norwegian authorities notified their intention to grant aid in the form of regional grants for the transportation of round wood by letter of 31 October 2007 from the Ministry of Government Administration and Reform, received and registered by the Authority on the same date (Event No 449962).

The Authority requested additional information and statistical figures from the Norwegian authorities with letters dated 11 December 2007 (Event No 454397) and 14 March 2008 (Event No 469427). The Norwegian authorities replied on 1 February 2008 (Event No 463112) and 15 April 2008 (Event No 473559) respectively.

2 Description of the proposed measures**2.1 Background**

The Norwegian authorities notified an aid scheme for the transportation of round wood as existing aid in 1993. This scheme expired in 2006. Following the adoption of new guidelines for regional aid by the Authority applicable as of 1 January 2007, the Norwegian authorities have re-notified an aid scheme for the transportation of round wood in light of the new provisions for state aid guidelines for national regional aid. The scheme is called the regional grant for the transportation of round wood ("*Transporttilskudd til skogbruket*").

⁽¹⁾ Guidelines on the application and interpretation of Articles 61 and 62 of the EEA Agreement and Article 1 in Part I of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement, adopted and issued by the EFTA Surveillance Authority on 19 January 1994, published in OJ L 231 of 3.9.1994 and EEA Supplement No 32/1994. The Guidelines were last amended on 19 December 2007. Hereinafter referred to as the State Aid Guidelines. They are accessible on: <http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/guidelines>

⁽²⁾ Published in the OJ L 139 of 25.5.2006, page 37. EEA Supplement No. 26, 25.5.2006, page 1. Amended by Authority Decision No 319/05/COL of 14 December 2005, published in the OJ C 286 of 23.11.2006, page 9, EEA Supplement No. 57, 23.11.2006, page 31.

2.2 *Objective of the aid measure*

According to the notification, the aim of the scheme is to promote development in remote areas. Under the notified scheme, development in these areas should be achieved by increasing forestry activity. The scheme is designed to promote forestry activity by stimulating interest to buy wood where there is a need to develop economic activity. The notified scheme should stimulate the sale of timber in northern Norway and thus strengthen the wood industry and contribute to the development of sustainable industry in this area.

The wood industry in the north of Norway is made up of rather small units and few wood conversion enterprises. Forestry has traditionally been an important industry in central Norway, and the forestry infrastructure there is well developed. However, in the coastal areas forestry is a fairly new and relatively small industry, with the exception of North and South Trøndelag. According to the information provided by the Norwegian authorities, less than 5% of Norwegian timber comes from the areas that comprise the round wood transportation scheme.

The Norwegian authorities have also explained that large parts of the coast have a less developed infrastructure than the more central part of Norway. Moreover, the distances for transportation are often long. This leads to higher transportation costs and consequently a more difficult trading situation. The costs of transportation form a larger share of the total costs than elsewhere, in terms of both direct and indirect costs.

Low prices in timber and high transportation costs together with the structure of the forestry industry contribute to the low economic activity in the area covered by the scheme. Thus the aim of the notified measure to reduce the disadvantages for the forestry industry in the three northernmost counties caused by long distances and high transportation costs. Therefore, the Norwegian authorities have explained that the scheme will thus be phased out once the industry has reached an economically viable.

2.3 *National legal basis for the aid measure*

The national legal basis for the notified scheme is the annual state budget (*St. prp. Nr. 1, chapter 1149, item 71*⁽³⁾) and annual letters of allocation from the Ministry of Agriculture and Food to county governors or to the Norwegian Agricultural Authority. In addition, the Ministry of Agriculture and Food will adopt internal guidelines for the scheme ("*Regler for forvaltning av transporttilskudd i skogbruket*").

2.4 *Recipients*

The scheme targets wood processing undertakings situated in the north of Norway in the counties of Nordland, Troms and Finnmark. According to the notification, the Norwegian authorities estimate the number of beneficiaries to be less than 10 undertakings.

2.5 *Eligible costs and overlap with other schemes*

The notified scheme foresees the grant of operating aid aimed at reducing a firm's existing expenses. Aid is granted on the basis of a predefined set of eligible costs, which are additional transportation costs.

According to the notification, the proposed aid level, allocated in proportion to transportation distance, will only compensate for the additional transportation costs incurred in the eligible areas. In order to avoid overcompensation, aid can only be granted on supply of documented transportation costs. Applicants must demonstrate the existence of particularly high transportation costs and prove that there are no other possibilities available. Applicants must account for the total costs of transportation and show that the additional costs are due to long distances.

⁽³⁾ <http://www.regjeringen.no/nb/dep/lmd/dok/regpubl/stprp/2007-2008/Stprp-nr-1-2007-2008.html?id=483947>

The following conditions must be met in order to receive grants from the scheme:

- Aid may serve only to compensate for the additional costs of transportation, taking into account that these are considerably higher in northern Norway than in other parts of the country. Applicants must provide an estimate of the total costs of transportation and show that the additional costs are due to long distances. All payments are made in arrears and are based on applications outlining the actual transportation costs during the previous year;
- Grants are restricted to transportation within national borders;
- Aid must be objectively quantifiable in advance of the granting of funds. The amount of aid is based on maximum rates of NOK per km, as follows:

0-50 km:	no subsidy
50-149 km:	30 kroner per m ³
150-299 km:	50 kroner per m ³
300-450 km:	70 kroner per m ³
450 km and more:	100 kroner per m ³
- Aid must be based on the cheapest form of transport and the shortest route between the place of production and the place of processing. Applicants must provide an assessment of this in their application, and county governors will be able to control the assessment by means of local knowledge.

The Norwegian authorities have explained that there are no other schemes providing aid for the same costs. Nevertheless, beneficiaries will be asked to report any additional aid that they receive.

2.6 *Budget and duration*

The scheme for the regional grant for the transportation of round wood is based on annual budgets. The planned annual expenditure amounts to NOK 3 million (375 000 euro) expressed in 2007 prices. The duration of the scheme is set to be 6 years, until 31 December 2012. The estimated overall amount of expenditure for the scheme corresponds thus to approximately NOK 18 million (2 250 000 euro) expressed in 2007 prices.

The scheme will be administered by the County Governors of Nordland, Troms and Finnmark.

II. ASSESSMENT

1 **Procedural requirements**

Pursuant to Article 1(3) of Part I of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement, “*the EFTA Surveillance Authority shall be informed, in sufficient time to enable it to submit its comments, of any plans to grant or alter aid (...). The State concerned shall not put its proposed measures into effect until the procedure has resulted in a final decision*”.

By submitting notification of the scheme for the regional aid for the transportation of round wood forwarded with a letter from the Ministry of Government Administration and Reform, received and registered by the Authority of 31 October 2007 (Event No 449962), the Norwegian authorities have complied with the notification requirement. By not putting the scheme into effect before getting the approval by the Authority, the Norwegian authorities have complied with the standstill obligation.

The Authority can therefore conclude that the Norwegian authorities have respected their obligations pursuant to Article 1(3) of Part I of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement.

2 Presence of state aid

Article 61(1) of the EEA Agreement reads as follows:

“Save as otherwise provided in this Agreement, any aid granted by EC Member States, EFTA States or through State resources in any form whatsoever which distorts or threatens to distort competition by favouring certain undertakings or the production of certain goods shall, in so far as it affects trade between Contracting Parties, be incompatible with the functioning of this Agreement.”

The notified aid scheme is funded by state resources in the form of annual budgetary allocations from the state budget.

The scheme will confer an advantage in favour of certain undertakings by relieving them of transportation costs that they would normally have to pay for from their own budgets. Moreover, the notified scheme is selective as only wood processing enterprises in the selected counties of Nordland, Troms and Finnmark can receive state support under the scheme.

The scheme has an actual or potential distorting effect on competition and affects trade within the EEA because the aid strengthens the position of the beneficiaries in relation to their actual or potential competitors in the EEA. In this respect, taking into account *inter alia* that the relevant sector is exposed to international competition, although the amount of round wood and the total production of processed wood in the area covered by the scheme is small in comparison with the national totals, the scheme might have distorting effects on competition.

